

þess að það kemur í ljós í hugsunum og tilfinningum síðari ára, að hann hlýtur að hafa vrt fyrir sér kaupmannalestirnar á leið þeirra frá Vesturlöndum, frá Róm, frá Egiptalandi, frá Grikklandi, til Damaskus og hinna fjarlægari Austurlanda; og að umfangsmeiri hugsanir vöknudu þannig í huga unglingsins, stærri hugmyndir um mannlegt eðli og mannlegt líf en þær, sem hann átti að venjast á meðal fólks síns.

Hann drakk í sig vizku spámannanna og Gamlateamentisritanna. Þegar hann er þrjátíu ára gamall—um árið 26—kemur hann fram og lætur skírast af Jóhannesi, og eftir dauða Jóhannesar tekur hann upp starf hans.

Hið opinbera líf hans—hvað langt var það? Eftir því sem Markús, Matteus og Lúkas segja frá var það lítid eitt skemra en tvö ár. Samkvæmt sögunni í Jóhannesar guðspalli var það nokkuð yfir þrjú ár. Vér vitum það þó ekki með vissu. Það var mjög stutt. Pennan tíma ferðaðist hann um og kendi, á vatnsströndinni og meðframi veginum, á ökrumnum í Galíleu og í Jerúsalem. Og hann talaði með svo mikilli hreinskilni, með svo miklu valdi og með svo mikilli einbeittni að hann skyldi eftir áhrif í heiminum, sem ekki er að finna í lífi nokkurs annars manns.

Hann var hógvær, hann var einlaegur, hann bar traust til föðursins, og samhug til mannanna. Hann lifdi lífi, sem hefir breytt útliti heimsins. Hann varð uppsprettu nýrrar trúar—trúar, sem hefir haft meiri áhrif á menningu heimsins en nokkur önnur. Það eru til önnur trúarbrögð, að minsta kosti ein, sem hafa fleiri fylgjendur, en það hefir viljað svo til, að hans trúarbrögð hafa orðið samfara framförum menningarinnar, og hafa þess vegna skilið eftir ummerki sín á þeim bluta mannkynsins, sem horfir mest fram á við og hefir gert mest til að breyta útliti heimsins.

Hann dó—hvornig? Hann var tekinn af lífi á hinn eðli-legasta hátt. Hann komst í móttöðu við kyrkjulegt þróngsýni og hleypidóma sinnar tíðar, og það varð honum að fjörtjóni,